



Þingmannatillaga um skynsamlega nýtingu matarúrgangs og baráttu gegn matarsóun

Tillaga

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að hrint verði í framkvæmd nýjum verkefnum til að draga úr matarsóun innan ramma norrænu framkvæmdaáætlunarinnar í umhverfismálum, sem geta falið í sér bæði matarsóun á framleiðslu- og úrvinnslustigi, í smásöluverslun sem og á veitingastöðum og loks á heimilum neytenda;

að Norrænum orkurannsóknum (NEF), í framhaldi af ráðleggingum um stefnu varðandi áætlun Norrænu ráðherranefndarinnar Grænn hagvöxtur frá árinu 2015, verði falið, hugsanlega í samstarfi við Norrænu nýsköpunarmiðstöðina, að hrinda í framkvæmd verkefnum sem geta breytt lífrænum úrgangi og verksmiðjuúrgangi í orku.

Aðdragandi

Samkvæmt skýrslu SP frá árinu 2014 er matarsóun (á sænsku: matsvinn, norsku: matsvinn) ásamt sóun matvæla þriðja helsta ástæða losunar koltvísyrings.¹ FAO, Matvælastofnun SP, greinir vissulega á milli matarsóunar og sóunar matvæla, en á heildina séð leiða matvælaauðlindir sem fara til spillis til mikils hluta gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum. Þess vegna verður minnkun matarsóunar að teljast mikilvægt verkefni til að ná alþjóðlegum loftslagsmarkmiðum.

Í Danmörku einni nam árleg matarsóun 540.000 tonnum árið 2011, en þar af eru 237.000 tonn talin koma frá einkaheimilum.² Meirihluti

¹ Food wastage foodprint – Full-cost accounting, Final report, Food and Agriculture Organization of the United Nations, 2014 <http://www.fao.org/3/a-i3991e.pdf>

² Madspild i Danmark, faktaark fra Ministeriet for Fødevarer, Landbrug og Fiskeri, 2011

matarsóunar á þó rætur að rekja til ferlisins áður en matvælin ná til neytenda, til dæmis í frumframleiðslu, matvælaíðnaðinum og smásöluversluninni. Matarsóun á Norðurlöndum hefur ekki bara alvarlegar umhverfislegar afleiðingar, heldur endurspeglar líka stórt fjárhagslegt tap. Í Danmörku er varlega áætlað að umfang matarsóunar nái 8,4 milljörðum danskra króna.

Norðurlandaráð

A 1676/holdbart

Málefnið hefur verið á dagskrá Norðurlandaráðs áður og ráðið samþykkti tilmæli árið 2011 um ólíkar sameiginlegar norrænar aðgerðir³. Málefnið er líka víða á dagskrá á alþjóðavettvangi og var líka rætt nýlega í Norrænu sjálfbærnefndinni.

Flytjandi:
Flokkahópur jafnaðarmanna

Afgreiðsla:
Norræna sjálfbærnefndin

Málsnúmer:16-00096-2

Í aðgerðaáætlun framkvæmdanefndar ESB um hringrásarhagkerfi kemur til dæmis matarsóun við sögu sem áherslusvið með m.a. sameiginlegum mælingaraðferðum, bættum merkingum dagsetninga og tækjum til að ná alþjóðlega markmiðinu um sjálfbæra þróun til að minnka matarsóun um helming í síðasta lagi árið 2030. Um leið er það nýtt markmið ESB að ná fram 65% endurnýtingu úrgangs sveitarfélaga árið 2030. Í nýlegu mati á miðju tímabili norrænnar framkvæmdaáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar í umhverfismálum 2013-2018, er lagt til sem hluti af 20 nýjum verkefnum og málefnum að hin almenna hugmynd um m.a. að „þróa hringrásarhagkerfi þar sem ekkert fer til spillis“⁴ geti verið sérlega viðeigandi fyrir norrænt samstarf í umhverfismálum í framtíðinni, sem einnig hlýtur að ná til matarsóunar.

Í stöðuskýrslunni um áætlun Norrænu ráðherranefndarinnar „Grænn hagvöxtur“ frá 2015 kemur fram að matarsóun hafi verið áherslusvið. Niðurstöður verkefnanna um matarsóun í áætlun Norrænu ráðherranefndarinnar gefa til kynna „að skilvirkari dreifing matvæla geti stuðlað að minni matarsóun á Norðurlöndum“⁵. Þar eð matarúrgangur getur nýst sem auðlind í lífhagkerfinu, viljum við líka leggja áherslu á að í sömu stöðuskýrslu – undir aðgerðum varðandi lífhagkerfi og lífhreinsistöðvar – er ráðlagt „að gera lífhagkerfi að sameiginlegu norrænu forgangsverkefni til að gera mögulega framkvæmd fljótvirkari“, þar á meðal að „löndin eigi að sameinast um rannsóknir og þróun nýrrar tækni og vinnslustöðva til bættrar nýtingar lífræns úrgangs og verksmiðjuúrgangs frá frumframleiðslugreinunum í bæði dýrmætar vörur og orku“⁶.

Það virðist vera tilvalið vegna núverandi hlutverks Norðurlanda sem forystusvæðis á sviði sjálfbærra lausna að Norðurlöndin séu einnig í fararbroddi, bæði þegar kemur að því að draga úr matarsóun og að skynsamlegri nýtingu matarúrgangs, sem ekki er hægt að komast hjá, til dæmis með breytingu yfir í lífrænt gas. Því leggjum við til að a) hrint verði í framkvæmd nýjum verkefnum til að draga úr matarsóun innan ramma norrænu framkvæmdaáætlunarinnar í umhverfismálum, sem geta falið í sér bæði matarsóun á framleiðslu- og úrvinnslustigi, í smásöluverslun sem og á veitingastöðum og loks á heimilum neytenda, sem og að b) Norrænum orkurannsóknnum (NEF), í framhaldi af ráðleggingum um stefnu varðandi áætlun Norrænu ráðherranefndarinnar Grænn hagvöxtur frá árinu 2015, verði falið, hugsanlega í samstarfi við Norrænu nýsköpunarmiðstöðina, að hrinda í framkvæmd verkefnum sem geta breytt lífrænum úrgangi og verksmiðjuúrgangi í orku.

Þess er vænst að tillagan muni skapa norrænt notagildi þar sem Norðurlöndin hafa yfir að ráða nokkrum tæknilegum og vísindalegum

http://mfvm.dk/fileadmin/user_upload/FVM.dk/Dokumenter/Landbrug/Indsatser/Madspild/Faktaark/Faktaark_Madspild-i-Danmark_-juni-2011.pdf

³ Tilmæli 16/2011/milj. Tilmælin voru afskrifuð árið 2013 og Norðurlandaráð lýsti yfir ánægju með aðgerðir Norrænu ráðherranefndarinnar og að ráðið myndi víkja aftur að málinu síðar.

⁴ Midtvejsevaluering af det Nordiske Miljøhandlingsprogram, 2013-18, PlanMiljø, 2015, bls. 27

⁵ Norðurlönd – leiði grænan hagvöxt, 2015, bls. 12 <http://norden.diva-portal.org/smash/get/diva2:856832/FULLTEXT01.pdf>

⁶ Ibid, bls. 4.

úrræðum, sem í heild munu skapa virðisauka í þróun nýrra sjálfbærra lausna á sviði lífhagkerfisins. Tillagan fellur einnig vel að markmiðunum í verkefni Norrænu ráðherranefndarinnar um lífhagkerfi til að draga úr magni úrgangs og auka endurvinnslu. Um leið mun það styrkja stöðu Norðurlanda á sviði sjálfbærni á alþjóðavettvangi og hugsanlega stuðla að nýjum útflutningi á tæknilausnum.

Þess er einnig vænst að tillagan hafi nokkur jákvæð efnahagsleg og umhverfisleg áhrif. Til dæmis mun minnkuð matarsóun stuðla á jákvæðan hátt að loftslagsmarkmiðum landanna með því að lágmarka losun gróðurhúsalofttegunda, en einnig mun draga úr miklu núverandi fjárhagslegu tapi, sem eins og áður er getið í tillögunni er til komið vegna matarsóunar. Ennfremur munu fjárfestingar í lífhagkerfinu geta stuðlað að jákvæðri efnahags- og atvinnuþróun til sveita og við sjávarsíðuna og skapað vöxt í litlum og meðalstórum fyrirtækjum, eins og líka kemur fram í stöðuskýrslu Norrænu ráðherranefndarinnar um áætlunina um Grænan hagvöxt frá sumrinu 2015.

Helsinki, 25. janúar 2016

Annette Lind (S)	Lars Mejern Larsson (S)
Erkki Tuomioja (sd)	Lennart Axelsson (S)
Eva Sonidsson (S)	Maarit Feldt-Ranta (sd)
Gunvor Eldegard (A)	Pernille Schnoor (S)
Henrik Dam Kristensen (S)	Phia Andersson (S)
Ineqi Kielsen (S)	Pyry Niemi (S)
Irene Johansen (A)	Rikard Larsson (S)
Johan Andersson (S)	Ruth Mari Grung (A)
Jorodd Asphjell (A)	Suzanne Svensson (S)
Karin Gaardsted (S)	Ville Skinnari (sd)
Knut Storberget (A)	

Norðurlandaráð

A 1676/holdbart

Flytjandi:
Flokkahópur jafnaðarmanna

Afgreiðsla:
Norræna sjálfbærninefndin

Málsnúmer:16-00096-2